Reykjavík, 10. febrúar 2026
USK25110190

## Frostafold 5 – Umsögn skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. febrúar 2026 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa 20.janúar 2026 þar sem sótt er um heimild til að setja svalalokun á svalir íbúðar 0102 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 5 við Frostafold.


*Aðalskipulag Reykjavíkur 2040*



*Afstöðumynd*


*Götumynd*

### Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Frostafold 3 borgarhluta 8. Grafarvogi og er hluti af íbúðarsvæði, Foldir.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulag/skilmálar Foldahverfis, 4. og 5. áfangi, samþykkt í borgarráði 27.11.1984.

### Umsögn

Húsið á lóð nr 5 við Frostafold

Óskað er eftir heimild til að setja svalalokun á svalir íbúðar 0102 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 5 við Frostafold.



**SNIÐ A-A 1:100**



**ÚTLIT SUÐUR 1:100**

*Innsend gögn*

Reykjavík

Þegar svalalokanir eru leystar er mikilvægt að þær séu þannig útfærðar að þær séu lítt áberandi og hugað sé að heildarútliti hússins. Einnig er mikilvægt að halda upprunalegu útliti svala og útfæra/hanna lokunina á þeim forsendum að hún raski ekki upprunalegum byggingarstíl og útliti hússins.

**Niðurstaða**

- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

**f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**

Sindri Þórhallsson

Reykjavík